



## Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur vegna lyktarmengunar í Gufunesi.

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur vegna lyktarmengunar í Gufunesi R21080059, þar sem óskað er eftir því að vinna að úrbótum vegna lyktarmengunar frá Gufunesi yfir Grafarvog verði sett af stað og að mikilvægt sé að fundin verði lausn lyktarmenguninni ásamt því að úrbætur verði kynntar fyrir borgarráði fyrir lok september.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ástæðu til að ætla að vandamálið sé ekki lengur til staðar og því eigi tillagan ekki lengur við. Þó að það fyrirtæki sem flestar kvartanir hafa beinst að frá 2017 hafi flutt starfsemi sína af svæðinu er ekki hægt að útiloka að slík mál geti komið upp aftur t.d. ef ekki er unnið skv. verkferlum eða óvæntar aðstæður skapast meðan fyrirtæki sem vinna með lyktarsterkan úrgang eru á svæðinu. Hér á eftir er gerð stuttlega gerð grein lyktarmengun í Gufunesi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur allt frá því að mál þetta kom upp leitað lausna á því og gert tafarlausar úrbótakröfur til þeirra fyrirtækja sem hlut eiga að máli. Heilbrigðiseftirlitið telur að málið sé leyst en rúmur mánuður er liðinn frá því að síðast barst kvörtun vegna ólyktar.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) bárust kvartanir um að ólykt bærist yfir íbúasvæði í Grafarvogi sumarið 2017. Strax var ljóst að ólyktin kæmi frá einhverju eða einhverjum af þeim fyrirtækjum sem starfa við meðhöndlun úrgangs í Gufunesi. Á þeim tíma voru það móttökustöð Sorpu sem tekur á móti úrgangi, flokkar hann og baggar en síðan er úrgangurinn fluttur til urðunar í Álfsnesi, Íslenska Gámafélagið sem var með moltugerð utandyra á athafnasvæði sínu í Gufunesi og Moldarblandan – Gæðamold, sem tekur á móti jarðvegi/mold, blandar í hana lífrænu efni s.s. hrossataði og trjákurli. Niðurstaða HER eftir að hafa staðfest lyktarkvartanirnar og farið í þau fyrirtæki á svæðinu sem ólyktin stafaði mögulega frá var að megnið af ólyktinni kæmi frá moltugerð Íslenska Gámafélagsins. Gerðar voru kröfur til fyrirtækisins um að gera allt sem hægt væri til að koma í veg fyrir ólyktina og var m.a. úað lyktareyðandi ensími á moltuhauga, bætt við trjákurli á moltuhauga og verklagi breytt. Við það skánaði ástandið en lagaðist þó ekki alveg. Þegar fyrirtækið flutti af svæðinu vorið 2021 áleit HER að vandamálið væri úr sögunni. Í júlí s.l. tóku aftur að berast kvartanir um ólykt á svæðinu. Um leið og kvartanir bárust var málið rannsakað og kvartanir staðfestar. Strax var ljóst að nú stafaði ólyktin ekki frá Íslenska Gámafélaginu en í ljós kom að hún barst frá tveimur fyrirtækjum, starfsemi í flokkunarstöð Sorpu og frá Moldarblöndunni - Gæðamold. Gerðar voru tafarlausar kröfur um úrbætur og þeim fylgt eftir með daglegum eftirlitsferðum bæði til fyrirtækjanna og einnig hefur verið farið um hverfið til að kanna hvort ólyktin væri til staðar. Fyrirtækin brugðust fljótt og örugglega við kröfum HER en hjá báðum fyrirtækjum höfðu orðið breytingar á starfsemi og verklagi sem urðu til þess valdandi að ólykt barst frá starfseminni. Þrátt fyrir góð viðbrögð tók um 3- 4 vikur að leysa málið að fullu.



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlitið hefur lagt ríka áherslu á að fyrirtækin komi framvegis í veg fyrir að nálægir íbúar verði fyrir lyktarónæði með öllum tiltækum ráðum.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir  
deildarstjóri Umhverfiseftirlits